

Ed.

322. Breytingartillögur

[233. mál]

við frv. til l. um verðjöfnunargjald af raforkusölu.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. 2. gr. orðist svo:

Verðjöfnunargjald skal nema 10% á árunum 1985 og 1986 og 5% á árunum 1987 og 1988. Frá lokum þess árs skal það niður falla.

2. 8. gr. orðist svo:

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til Áburðarverksmiðju ríkisins, Íslenska álfélagsins hf. né Íslenska járnblendifélagsins hf.

Ekki skal greiða verðjöfnunargjald af raforku seldri til rafhitunar, dælingar hitaveitna, til skipa í höfnum né til varmadælna.

3. 13. gr. orðist svo:

Hinn 1. janúar 1985 tekur ríkissjóður að sér greiðslu á hluta áhvílandi lána Rafmagnsveitna ríkisins að fjárhæð 481 millj. kr. og Orkubús Vestfjarða að fjárhæð 46 millj. kr. miðað við verðlag 1. október 1984. Þeim hluta lána, sem eftir standa hjá fyrirtækjunum, verði breytt í jafngreiðslulán með raunvöxtum eigi hærrí en 8% árin 1985—1987 og 6% árin 1988—1993.

4. Á eftir 13. gr. komi ný grein, sem verður 14. gr. og orðist svo:

Frá og með árinu 1985, og svo lengi sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða selja orku til rafhitunar á lægra verði en kostnaðarverði, skal ríkissjóður greiða veitunum mismuninn. Þörf fyrir greiðslu þessa kostnaðar skal rökstudd við gerð fjárlaga ár hvert. Á árinu 1985 nema greiðslur þessar 68,5 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 18,1 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

5. Á eftir 14. gr. komi ný grein, sem verður 15. gr. og orðist svo:

Áætlaður kostnaður við félagslegan þátt framkvæmda sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða ráðast í og Alþingi hefur samþykkt í fjárlögum, lánsfjárlögum eða með öðrum hætti, skal ár hvert greiddur af ríkissjóði enda um að ræða þann hluta kostnaðarverðs virkja, sem tekjur standa ekki undir. Á árinu 1985 skulu greiðslur þessar nema 36,4 millj. kr. til Rafmagnsveitna ríkisins og 5,0 millj. kr. til Orkubús Vestfjarða.

6. Á eftir 15. gr. komi ný grein, sem verður 16. gr. og orðist svo:

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum.

7. Á eftir 16. gr. komi ný grein, sem verður 17. gr. og orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla úr gildi 31. desember 1988.